



Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
B.t. Sigurður Ingason

Reykjavík, 10.11.2014  
Tilv. 21.9.1/POR  
JS/mp

**Málefni: Kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir ÍS 47 ehf í Önundarfirði**

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags, 12. september 2014 (UST20140300084/si), þar sem greint er frá ofangreindri tillögu er varðar starfsleyfi fyrir ÍS 47 ehf varðandi 1200 tonna sjókvíaeldi á regnbogasilungi í Önundarfirði.

Í viðauka 1 sem fylgir tillögunni er sýnt kort af Önundarfirði þar sem eldissvæði A er innarlega í firðinum sunnan megin og eldissvæði C utarlega sunnan megin. Eldissvæði B er sýnt utarlega norðan megin í firðinum út af Drangavík. Þetta er ekki í samræmi við innsenda tilkynningu ÍS 47 ehf um framkvæmdina því í henni er eldissvæði B sagt vera sunnan megin í firðinum á milli svæða A og C en ekki á þeim stað sem kortið í viðauka 1 sýnir.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir ÍS 47 ehf, en vill taka fram að mikilvægt er að vandað verði til vöktunaráætlunar vegna eldisins þannig að fylgst verði náið með umhverfispáttum og dýralífi á botni í nágrenni við eldissvæðin.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

  
Jóhann Sigurjónsson